

# fólk í fréttum





Morgunblaðið/Jón Svavarsson

**Fjöldi fólks var viðstaddur opnun sýninganna á Kjarvalsstöðum á laugardaginn.**



**Annars vegar rabba saman listakonurnar Margrét Birgisdóttir og Elísa Jónsdóttir Schram og hins vegar Gunnar G. Schram, Anna Birgis sendiherrafrú og ókunnur sýningargestur.**



**Þeir stóðu og virtu fyrir sér hluta verksins „Opnun sýningar". F.v. Hallgrímur Odsson, Sjón og Baldur Helgason. Fyrir aftan þá stendur listamaðurinn Ólafur Gíslason á tali við einn sýningargestanna.**

LIST

## Opnun sýninga á Kjarvalsstöðum


Listamennirnir Hulda Hákon og Ólafur Gíslason opnuðu sýningar á verkum sínum sl. laugardag á Kjarvalsstöðum að viðstöddu fjölmenni. Voru meðfylgjandi myndir teknar við opnunina.



**Tómas athugar furðuveröld undirdjúpanna.**



**Undraheimur kóralrifsins.**



**Tómas á sólarströnd Belize. Úti á bláu hafinu vaggar skipið hans...**

KÖFUN

## Kann rosalega vel við mig á stuttbuxum

Alls staðar eru Íslendingar þótt fámennir séu á heimsvísu. Til að mynda er að minnsta kosti einn landsmaður í Belize, Tómas Knútsson kafari, en hann vinnur fyrir sér sem „altmuligmaður," ekki síst kennari í sportköfun um borð í snekkju sem gerir út með áhugamenn um köfun. Belize, ef einhver veit það ekki, er smáríki á austurströnd Mið-Ameríku. Þar er lofthitinn yfirleitt um 30 gráður og sjórinn álíka heitur. Tómas segir að hitni mönnum í hamsi, þá sé eina hressingin að stökkva í sjóinn. En hvernig stendur á því að Íslendingur kennir og stundar sportköfun í jafn fjarlægu landi og Belize?

„Ég sótti um starfið. Ferilsskrá mín í köfun spannar tuttugu ár og í 17 ár hef ég verið áskrifandi að sportköfunarblöðum. Í einu slíku sá ég að fyrirtæki í Belize var að leita eftir starfskrafti. Ég sótti því um upp á von og óvon og gerði mér litlar eða engar vonir. Dag nokkurn var ég að fletta köfunarblaði og var að lesa um helsta bátinn sem fyrirtækið, „Aggressor Fleet", gerir út. Þá hringdi síminn og viti menn, þeir voru í símanum að bjóða mér starfið. Á bátnum sem ég var að lesa um! Þeir gáfu mér hálfan mánuð til að koma mér út og hefja störf. Það var streð, en það tókst og þetta hefur verið einn allsherjar draumur síðan.

Skipið fer í vikuferðir og það er búið um borð. Köfunarslóðirnar eru á 185 mílna löngu kóralrifi og þar eru um 600 fiskategundir og geysilega fjölbreyttur og litskrúðugur sjávargróður. Við siglum yfirleitt á 15 til 18 köfunarstaði. Þeir eru merktir með baujum. Ekki er kafað á öðrum stöðum, því allt er svæðið friðlýst og mönnum er bannað að snerta lífríkið. Það má bara horfa og mynda. Eiginlega er ég varla búinn að átta mig á þessu, því þetta fyrirtæki þarf að vinna úr 200 umsóknum um vinnu á hverjum mánuði. En það hefur eflaust hjálpað mér, að auk þess að vera reynsluríkur kafari frá Norðurhöfum, er ég einnig vélvirkjameistari auk þess að hafa verið til sjós," svarar Tómas.

En vinnuaðstæður og álag? „Aðstaðan gæti ekki verið betri eins og ég sagði, krystaltær 25-29 gráðu heitur sjór. Álagið er aftur talsvert. Það er kafað fimm sinnum á degi hverjum og vinnudagurinn er 12 til 16 stundir. En ég drekk lýsi daglega og þetta er svo ótrúlega skemmtileg vinna að ég finn ekki fyrir stressinu. Hugsaðu þér, ég ákvað þegar ég fór, að fara ekki í peysu og síðbuxur fyrr en í fyrsta lagi er ég kæmi heim til Íslands í heimsókn. Og það gekk eftir. Ég var fljótur aftur í kuldafötin er ég kom heim, enda viðbrigðin mikil," segir Tómas.

Tómas hefur verið í Belize síðan snemma í nóvember. Er þetta bara stundargaman hjá honum, eða er hann alls ekki á leiðinni heim? „Ég er ekki á leiðinni heim, a.m.k. ekki í bráð. Ég veit ekki hvað þetta stendur lengi, en það er langur vegar að ég sé að fá einhverja leið á þessu. Ég er jú að vinna við mitt helsta áhugamál við hinar bestu hugsanlegu aðstæður og sé mér bara nokkuð góðan farborða með því. Svo kann ég rosalega vel við mig í stuttbuxunum og hálfermabolnum...," svarar Tómas að lokum.

TAXI
61 17 20
Opið allan sólarhringinn
BSR
ATOMSTÖÐIN